

133 **Bréf fjármálaráðuneytisins til tollstjórans í Reykjavík, um toll**
 16. okt. **af „matrix“ (myndamót).**

Hér með er yður tjáð, herra tollstjóri, að ráðuneytið hefir ákveðið, að fyrst um sinn, þar til er öðruvísi verður ákveðið, skuli tolla „matrix“ (myndamót) sem myndamót (Chlichéer) með 7 auru vörumagnstolli hvert kg og 8% verðtolti.

134 **Aðvörðun frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu í 59. tbl.**
 16. okt. **Lögbirtingablaðsins 1940, um matjurtasjúkdómahættu vegna inn-**
flutnings jarðepla og grænmetis til brezka setuliðsins.

Vegna þeirrar hættu, sem er á því, að matjurtasjúkdómar geti borizt til landsins með jarðeplum og grænmeti, sem hingað flyzt frá útlöndum, eru menn varaðir við því, að reyna að notfæra sér til skepnufóðurs eða áburðar ósoðinn jarðepla- eða grænmetisúrgang frá brezka setuliðinu. Sama er um úrgang úr erlendum jarðeplum og grænmeti, sem flutt eru inn til sölu í landinu. Einnig eru menn varaðir við að fleygja slíkum úrgangi frá sér, þannig, að skepnur geti komizt í hann eða sýklar borizt í jarðveginn með honum.

Jafnframt þessu skal það brýnt fyrir öllum þeim, sem hugsa til jarðeplaræktunar á komandi sumri, að taka frá í tíma nægilegt útsæði af innlendum jarðeplum og að nota engin erlend jarðepli til útsæðis, nema þau, sem grænmetisverzlun ríkisins eða atvinnudeild háskólans kynnu að láta út í því skyni.

135 **Auglýsing frá ríkisstjórninni í 58. tbl. Lögbirtingablaðsins 1940,**
 18. okt. **um reglur fyrir almenning um umferð með ströndum fram vegna**
hernaðaraðgerða Breta.

Brezku hernaðaryfirvöldin hér á landi hafa talið nauðsynlegt að setja strangar reglur um umferð almennings með ströndum fram á nánar tilgreindum svæðum, þar sem hervörður er hafður.

Svæðin eru þessi:

- a) Strandlengjan frá Borgarfirði til Hafnarfjarðar, að þeim fjórðum meðtöldum.
- b) Strandlengjan frá Skagafirði til Skjálfanda, að þeim fjórðum meðtöldum.
- c) Strandlengjan frá Seyðisfirði til Reyðarfjarðar, að þeim fjórðum meðtöldum, og
- d) Strandlengjan báðum megin Hrútafjarðar fyrir sunnan Hrútey.

Reglna þessara skal gætt á hverjum stað á tímabilinu frá einni stundu eftir sólsetur til einnar stundar fyrir sólarupprás, og þeir sem vanrækja að fara eftir þeim, geta átt á hættu að verða fyrir líftjóni.

Myrkurtíminn fyrir hvern mánuð verður auglýstur hinn 1. þess mánaðar, fyrir hvert svæði.

Reglurnar eru sem hér segir:

135

18. okt.

I. Á landi: Eftir að skuggsýnt er orðið, má engin umferð eiga sér stað nærri flæðarmáli á ofangreindum svæðum, nema um greinilega vegi eða gangstíga.

Fólk, sem býr á svæðunum og þarf að fara nauðsynlegra erinda á þessum tíma, utan greinilegra vega eða gangstíga, getur reynt að fá til þess sérstakt leyfi hervarðanna.

En mjög áriðandi er, að sérhver, sem nálgast hefir ströndina, utan þessara vega eða stíga, hafi það hugfast, að fái hann kall eða bendingu um að stanza, verður hann að gera það tafarlaust. Ella á hann á hættu að verða skotinn í misgripum fyrir óvin Breta.

II. Á sjó: Á myrkurtímabilinu er umferð hönnuð samkvæmt því, sem hér fer á eftir:

a) Á svæðinu frá Borgarfirði til Hafnarfjarðar:

Ekkert skip eða bátur má á þessu tímabili koma nær ströndinni en 200 metra, að undanskildu því, að umferð á sjó er heimil til og frá Reykjavík, Hafnarfirði, Akranesi og akkerislegunni á Eiðisvík, samkvæmt því, sem tiltekið er í reglum þeim um eftirlitsskip, sem birtar eru hér á eftir.

b) Á svæðinu frá Skagafirði til Skjálfanda:

1. Ekkert skip eða bátur má á þessu tímabili koma nær ströndinni en 200 metra, að undanskildu því, að umferð á sjó er heimil til og frá Sauðárkróki, Siglufirði, Ólafsfirði, Dalvík, Hrisey, Flatey og Húsavík, og ennfremur til og frá Hjalteyri, meðan verksmiðjan þar starfar að móttöku og vinnslu síldar.
2. Ekkert skip eða bátur má á þessu tímabili fara suður fyrir línu, sem dregin er í rétt austur frá Hjalteyrarvíta. Skip, sem komin eru suður fyrir þessa línu þegar skuggsýnt er orðið, verða að fara beina leið til Akureyrar eða Hjalteyrar. Skip mega fara út Eyjafjörð á hvaða tíma sem er, ef þau halda sig fjær landi en 200 metra.

c) Á svæðinu frá Seyðisfirði til Reyðarfjarðar:

1. Ekkert skip eða bátur má á þessu tímabili koma nær ströndinni en 200 metra, að undanskildu því, að umferð á sjó er heimil til og frá Eskifirði og Norðfirði.
2. Ekkert skip eða bátur má á þessu tímabili fara vestur fyrir línu, sem dregin er í rétt suður frá verzlunarhúsunum á Vestdalseyri í Seyðisfirði. Skip, sem komin eru inn fyrir þessa línu, verða að fara beina leið til Seyðisfjarðarkaupstaðar. Skip mega fara út Seyðisfjörð á hvaða tíma sem er, ef þau halda sig fjær landi en 200 metra.
3. Ekkert skip má á þessu tímabili fara vestur fyrir línu, sem dregin er í rétt suður frá Mjóeyri í Reyðarfirði norðanverðum. Skip, sem komin eru inn fyrir þessa línu, verða að fara beina leið til Búðareyrar. Skip mega fara út Reyðarfjörð á hvaða tíma sem er, ef þau halda sér fjær landi en 200 metra.

d) Á Hrútafirði innanverðum:

Ekkert skip eða bátur má á þessu tímabili fara suður fyrir Hrútey á Hrútafirði. Skip eða bátar, sem komin eru inn fyrir þessi takmörk, verða að fara beina leið til Borðeyrar. Skip mega fara út Hrútafjörð á hvaða tíma sem er, ef þau halda sig fjær en 200 metra frá landi.

Reglur þessar ganga í gildi í kvöld, aðfaranótt þess 18., en verða framkvæmdar með sérstakri varfærni fyrsta sólarhringinn.

Sú undanþága er gerð frá þessum reglum, að alls staðar á svæðunum b og c, þ. e. Akureyrar- og Seyðisfjarðarumdæmi, mega trillubátar og aðrar smáfleytur koma að og fara frá landi þó skuggsýnt sé orðið, nema fyrir innan línur þær, sem samkvæmt framansögðu eru dregnar yfir Eyjafjörð, Seyðisfjörð og Reyðarfjörð.

135 Til frekara öryggis er lagt ríkt á við öll skip og báta, þar með taldir árabátar
18. okt. sem eru á ferð hér við land, að hafa uppi lögboðin siglingaljós eftir að skuggsýnt er orðið.

Á opnum bátum sé ljósið ávallt haft sýnilegt.

Myrkurtíminn fyrir september er sem hér segir:

Fyrir svæði a) þ. e. Faxaflói, frá kl. 20.50—06.00, það er kl. 8.50 síðd. til kl. 6 árd.

Fyrir svæði b) þ. e. Skagafj.—Skjálfandi, frá kl. 20.30—05.40, það er kl. 8.30 síðd. til kl. 5.40 árd.

Fyrir svæði c) þ. e. Seyðisfj.—Reyðarfj. frá kl. 20.15—05.30, það er kl. 8.15 síðd. til kl. 5.30 árd.

Fyrir svæði d) þ. e. Hrútafjörður frá kl. 20.45—05.50, það er kl. 8.45 síðd. til kl. 5.50 árd.

Reglur um eftirlit með siglingum til hafna við Faxaflóa.

1. Siglingaefirliti hefir verið komið á í Reykjavík.
2. Eftirlitsskip er stöðugt á sveimi úti af Gróttu, fyrir vestan línu úr Gróttuvita í Krossvíkurvita á Akranesi.
3. Eftirlitsskipið sýnir að degi til: stórt flagg, sem í eru tveir láréttir reitir, annar hvítur og hinn rauður, en jaðrar flaggsins eru bláir. Að nóttu til sýnir skipið auk siglingaljósanna: 3 hvít ljós, sýnileg á alla vegu.
4. Þegar Reykjavíkurhöfn er lokuð, mun skipið að degi til hafa uppi: 3 rauðar kúlur, hverja upp af annari, með 6 feta millibili, en að nóttu til: 3 rauð ljós, í stað þeirra þriggja hvítu, sem getið er hér að framan. Ófriðarmerkjastöðin á Valhúshæð mun einnig sýna sömu merki, þegar höfnin er lokuð.
5. Öll skip, sem ætla til Akraness, Hafnarfjarðar, Hvalfjarðar eða Reykjavíkur, verða áður að koma við hjá eftirlitsskipinu og fá þar leyfi til þess. Minni vélbátar geta þó farið leiðar sinnar óhindrað til þessara hafna, en verða að vera við því húnir að nema staðar og gera grein fyrir sér, ef eftirlitsskipið krefst þess, og að hlýða skipunum þess.
6. Hvert það skip, sem reynir að sigla til hafna þeirra, sem getur í 5. lið, án þess að hafa fengið til þess leyfi eftirlitsskipisins, gerir það á eigin ábyrgð.

Myrkurtímabilið fyrir októbermánuð er sem hér segir:

Faxaflói frá kl. 6.05 síðd. til kl. 6.20 árd.

Skagafjörður til Skjálfanda frá kl. 5.45 síðd. til kl. 6.00 árd.

Seyðisfjörður til Reyðarfjarðar frá kl. 5.30 síðd. til kl. 5.45 árd.

Hrútafjörður frá kl. 6.00 síðd. til kl. 6.15 árd.

136 Auglýsing frá ríkisstjórninni í 65. tbl. Lögbirtingablaðsins 1940,
22. nóv. um siglingahættu í Hvalfirði vegna hernaðaraðgerða Breta.

Brezka herstjórnin hefir tilkynnt ríkisstjórninni, að vegna hernaðaraðgerða Breta séu siglingar inn í Hvalfjörð hættulegar í línu frá Innra-Hólmi á Akranesi til Saurbæjar á Kjalarnesi.

Brezkt varðskip mun hafast við í mynni Hvalfjarðar og leiðbeina skipum, er vilja sigla inn fjörðinn.

Menn eru mjög alvarlega varaðir við að ferðast inn Hvalfjörð nema eftir leiðbeiningum varðskipisins, en þó er íbúum beggja megin Hvalfjarðar óhætt að stunda veiðar eða ferðast um Hvalfjörð innan áður nefndrar línu frá Innra-Hólmi til Saurbæjar.